





Rangárþing ytra - Strútsskáli - Deiliskipulag-Tillaga



Yfirlitsmynd mkv. 1:500




Yfirlitsmynd mkv. 1:2500

Skýringar:

- Deiliskipulagsreitur
- Lóðarmörk
- Byggingareitur
- Nýjar byggingar - tillaga
- Árfarvegur
- Lækjarfarvegur
- Vatnsinntak
- Núv. byggingar
- Málsetning
- Núv. göngustígur
- Tjaldsvæði
- Akslóði

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá ___ til ___ var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann _____

Samþykkt deiliskipulags-breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



Úr aðalskipulagsupprætti Rangárþings ytra 2010-2022 - ekki í kvarða

GREINARGERÐ MED DEILISKIPULAGI

1.0 INNGANGUR:

Deiliskipulag þetta nær til rúmlega 0,8ha svæðis í kringum Strútsskála. Óskað er eftir samþykki deiliskipulags fyrir skálasvæði Ferðafélagsins Útivistar við Strútsskála inn af Mælifellissandi að Fjallabaki í Rangárþingi Ytra. Deiliskipulagið er í fullu samræmi við Aðalskipulag Rangárþings Ytra 2010-2022.

1.1 Stefna Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022:

Í greinargerð Aðalskipulags Rangárþings Ytra er í kafla 11.3 á bls. 86 fjallað um verslunar- og þjónustusvæði á afreittum. Þar segir „Til verslunar- og þjónustusvæða teljast þau svæði sem skilgreind eru sem jadamíðstöðvar, hálandismíðstöðvar, skálasvæði og fjallasel í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015“. Verslunar- og þjónustusvæðum er þar skipt í þrjá flokka; (I) miðstöðvasvæði ferðamanna, (II) skálasvæði og (III) fjallasel. Tekið er fram að Strútur og Strútsskáli séu í flokki fjallaseila í miðhálandisskipulagi og að þau séu skilgreind sem staðir í takmörkuðu eða engu vegasambandi, þ.m.t. gönguskálar, einkaskálar, veiðihús og gangnamannahús, sem skulu vera opin fyrir almenningi. Í nánari lýsingu á Strúti segir að á staðnum sé skáli Ferðafélagsins Útivistar og sé hann áningarstaður á gönguleiðum í Hólmárbotna og á Torfajökul. Í lýsingu markmiða aðalskipulags varðandi verslunar- og þjónustusvæði í afreittum á bls. 84 kemur fram að unnin skuli deiliskipulag fyrir öll helstu ferðaþjónustusvæði á hálandinu.

1.2 Málsmæðferð:

Heimild til þessarar skipulagsvinnu var samþykkt á 47. fundi sveitarstjórnar Rangárþings Ytra þann 11. Apríl 2018 og jafnframt lagt til að fallið verði frá skipulagslýsingu þar sem skipulagsáætlun samræmist aðalskipulagi að fullu.

1.3 Helstu áherslur deiliskipulags:

Deiliskipulaginu er ætlað að stuðla að bættari þjónustu við ferða- og göngumenn á hálandinu um leið og bæta þá aðstöðu sem landvörður og þjónustuaðilar hafa í dag m.a. að reisa landvarðarskála og bæta geymsluáðstöðu ymiss búnaðar sem tengist starfssemi á hálandinu (gas, sorp, vistir, öryggisbúnað o.s.fv.).

1.5 Afmörkun deiliskipulagsreits:

Deiliskipulag þetta nær til rúmlega 0,8ha landspildu er liggur norðan við Myrdals-jökul og sunnan Torfajökuls. Innan deiliskipulagsmarka eru núverandi skálar, auk fyrrihugaðra nýbygginga og tjaldsvæðis. Bæði núverandi og nýjar byggingar verða innan marka byggingarreits. Núverandi útikamar og nýr kamar sem ætlaður er tjaldsvæði eru utan byggingarreits. Grasflöt sem nýtt hefur verið sem tjaldsvæði er innan deiliskipulagsreits og að hluta innan lóðarmarka en ekki er talin ástæða til þess að flötin sé sérstaklega auðkennd.

1.6 Núverandi byggingar á skálasvæði og aukili byggingarmagn:

Innan deiliskipulagsreits stendur í dag 55m² gistiskáli ásamt 14m² skála undir geymslu og snyrtiðstöðu. Auk þeirra er til staðar lítil vetrarkamar á svæðinu á eyrinni framan við aðalskálann og stendur til að færa hann til á svæðinu.

Fyrrihugað er að bæta við um 45m² skálavardarhúsi. Allar byggingar að undanskildum útikami, standa innan afmarkaðs byggingarreits sem er um 1.000m² að stærð. Hæð bygginga skal ekki vera meiri en 6,5m yfir gólfkóta.

1.7 Aðkoma:

Aðkoma að skálasvæðinu er óbreytt frá núverandi fjallveg. Gert er ráð fyrir að bílastæði verði afmörkuð með náttúrugjöf frá hafa við skála þannig að umferð haldist við skálann en ekki sé ekið út áreyrar eða gróin svæði s.s. tjaldsvæði.

1.8 Frárennslil og veltukerfi:

Á svæðinu er til staðar rotró þá samnt siturlögn sem staðsett er norðan við skálann. Frágangur er í samræmi við 3. mgr. 19.gr. reglugerðar um fráveitu og skölp nr 798/1999. Gert er ráð fyrir að fráveita skálavardarhúss verði í sömu rotró og nú er til staðar.

Kalt vatn (neysluvatn) er til staðar og er það leitt um 32mm pípuögn frá vatnsinntaki sem er í um 1km fjarlægð norðvestan við skipulagsvæðið. Vatnsból þetta hefur verið tekið út af Matis sbr. rannsóknarniðurstöður sýnis nr. R17019570001 dags. 24.07.2017 þar sem niðurstaða segir „Stenst gæðakröfur skv. reglugerð 2003 og útgæfi af Matis 28. júlí 2017.

1.9 Fornminjar:

Ekki er vitað af fornminjum innan deiliskipulagsreits, en hafa skal í huga 1. mgr. 24. gr. Laga um menningaminjar nr. 80/2012 en þar segir; „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæmda vettvangskonnum umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skytt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram haldast og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

2.0 Umhverfismat:

Samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar, netpöstur dags. 6. sept. 2018, er Strútsskáli ekki skilgreindur sem skálasvæði í landsskipulagsstefnu 2015-2026 og fellur fyrrihuguð uppbygging því ekki undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagslillegan fellur jafnframt ekki undir lög um umhverfismat áætlana en stofnunin bendir á að skv. 5. m.gr. 12. gr. skipulagslaga skuli við gerð skipulagsáætlunar gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar.

Strútsskáli stendur í um 550m hæð yfir sjó og liggur austan undir 685m háum fjallahrygg sem er norðan Mælifellissands og austan Strútsakda. Landslagið er markað af nálægð við jökla og uppfoka land, vatnsrof og annað sem einkennir hálandi Íslands. Framkvæmd þessi hefur lítil sem engin áhrif á landslag og landgæði þó jarðvegur sé að hluta til sendinn og rokjarnir. Strútsskáli stendur á lágu hól ofan við ármeila sem eru allgöngu í þeim dalskorningum sem þarna eru. Einnig er kostur að skálarni munu standa þétt og ekki er verið að breiða út mannvirki á stóru svæði þar sem viðbótar byggingarmagn er óveruleg stærð.

Helstu áhrif fyrrihugaðra framkvæmda munu vera smávægilegt jarðrask vestan við núv. skála. Sjónræn áhrif af auknu byggingarmagni verða einhver á svæðinu en þó óveruleg þar sem skálinn sést lítt utanfrá í þeim dalskorningum sem þarna eru. Einnig er kostur að skálarni munu standa þétt og ekki er verið að breiða út mannvirki á stóru svæði þar sem viðbótar byggingarmagn er óveruleg stærð.

Framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á landslag og kostur að hægt sé að nýta núv. lausn fráveitumála. Búast má við að með stækkun gistiskála geti hann tekið við aukinni umferð að einhverju marki. Landvarðarskáli mun létta á álaga starfsmanna og bæta hýldartíma þeirra og aukli geymslurými mun einnig verða til útbóta án þess að valda neinum teljandi áhrifum á umhverfið.

BYGGINGASKILMÁLAR:

1. gr. Innan marka deiliskipulagsins er heimilt að reisa 1 skálavardarhús til viðbótar við þann skála sem fyrir er.
2. gr. Frárennslil skal leitt í rotró sem fyrir er á staðnum sbr. 3. mgr. 18. gr. reglugerðar um fráveitur og skölp nr. 798/1999.
3. gr. Kalt vatn er fengið úr vatnslind sem liggur um 1km norðan skálasvæðis. Staðið var að öflun neysluvatns og frágangi við vatnsveitu í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og leiðbeiningarrit Umhverfis- stofnunar „Lítill vatnsveitur, útg. júlí 2003“ og vatnsgæði hafa verið vottuð af Matis sbr. umföllun í kafla 1.8 hér að framan.
4. gr. Skáli skal vera vandaður og gerð og byggður úr viðurkenndum byggingarefnum með steypum sökkli eða sökkulðregurum sem hægt er að fjarlægja án teljandi ummerka. Heimilt er að stækka núverandi skála (55m²) til norðurs um allt að 45m². Stærð nýs skálavardarhúss má vera allt að 50m² en hámarks byggingarmagn lóðar er 200m². Byggingareitur sem sýndur er í deiliskipulagi er um 1.000m² að stærð og er hafður það númer svo hægt verði að hnika til mannvirkjum eftir því sem aðstæður leyfa. Gistiskáli skal áfram vera á einni hæð og með háfrí hæð ofan við (svefnloft), hámarksmanishæð 6,5m. Skálavardarhúsi er gert að vera á einni hæð, hámarksmanishæð 4,5m. Heimilt verður að stækka geymsluskúr í 25m². Þakhalli og mænistefna skal taka mið af þeim skála sem fyrir er.
5. gr. Litur skála skal vera í samræmi við núverandi byggingar, af toga dökkra jarðlita eins og svarturigrár, brúnn, grænn eða millitónar þessa lita og falla vel í landslagið. Hrein víðarferðilítur er einnig leyfleg.
6. gr. Heimilt er að koma fyrir sólarrafriðuð við skál með tilheyrandi búnaði.
7. gr. Óheimilt er að reisa girðingar á svæðinu og ekkert sem hindrar aðgengi gangandi fólks um svæðið. Skjólveggi má reisa innan byggingarreits í tengslum við skála og skulu þeir sýndir með byggingarnefndarteikningum og samþykktast af byggingarnefnd. Skjólveggi má einnig reisa í tengslum við tjaldsvæði, á afmörkuðu svæði svo tjaldgæstir geti t.d. eldað mat í skjóli.
8. gr. Gróðursetning trjáa, runna og annarra plantna er óheimil á svæðinu.
9. gr. Heimilt er að merka göngustiga og setja upp upp lýsingaskilti innan skipulagsreits sem leiðbeina göngufólki. Leitast skal við að samræma útlit og gerð slíkra skilta.
10. gr. Hefðbundin sorpþjónusta er ekki til staðar á svæðinu heldur eru gestir ábyrgir fyrir að taka sitt sorp (undantekning gerð ef fólk er gangandi án trúss) til baka. Trússarar taka sorp fyrir sína hópa en sorp sem tilheyrir skálavörðum o.fl. sjá þeir um að koma til byggða og afhenda á viðurkenndum móttökustöðum.
11. gr. Allar framkvæmdir skulu vera í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra.
12. gr. Að öðru leyti skulu byggingar og staðarval þeirra vera í samræmi við glidandi skipulags og byggingarreglugerð.



Yfirlitsmynd, horft til suðurs, Strútur t.v. og Mælifell yst t.h. Tjaldsvæði t.h. og árreyrar og gróinr melar sunnan við skála.



Horft til vesturs, tjaldsvæði t.v. og hæðardrög að baki



Horft úr Lambagili til suðausturs að skála, Strútur í baksýn.

Uppdráttur þessi er teiknaður í hnitakerfinu ISN93 og byggir á upprætti loftmynd frá Loftmyndum ehf.
Samþykkt af skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra

HEITI VERKS:

RANGÁRÞING YTRA
STRÚTSSKÁLI

HEITI TEKNINGAR:

DEILISKIPULAGSTILLAGA

VERKNR:	MKV:	TEKNING NR:	
218-010	1:500/2500 í A1	001-A	
TEKNAÐ AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEKN:	
gko	oh	20. des. 2018	
YFIRL. / UNDRISKRIFT:	TEKN. Breytt:		



LANDFORM
LANDSCAPE ARCHITECTS

© 2018

AUSTURVEGI 6 800 SELFÖSS
netfang: landform@landform.is

sími 482 4000 físim: 482 3542
veffang: www.landform.is